

Heiti áætlunar: Enska

Tímabil: 27.08.2015-30.05.2016

Hópur: 5. bekkur

Nafn: Sara Diljá Hjálmarsdóttir

Þrepamarkmið úr Aðalnámskrá

Enska

Hlustun

- skilji fyriræli og leiðbeiningar kennara á ensku
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í tengslum við hlustunarefni
- skilji féлага sína í samskiptum í kennslustundum
- skilji efni á hljómböndum/myndböndum/geisladiskum í tengslum við viðfangsefni sem unnið er með og eru honum kunnugleg

Lestur

- þjálfist í að vinna með orðaforða í textum
- geti fundið afmarkaðar upplýsingar í textum, á geisladiskum eða Neti (t.d. til að vinna með í ferlisverkefnum)
- geti fylgt ýmsum barnatextum, s.s. þulum, rími, ljóðum, rappi
- skilji einfalda texta, s.s. myndasögur, barnabækur, ævintýri, fræðslufni fyrir börn í bókum eða á tölvutæku formi

Ritun

- geti sett fram texta ásamt myndrænum upplýsingum (t.d. í frásögnum eða ferlisverkefnum)
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í ritun
- þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni
- geti skrifað eftir fyrirmyndum skiljanlega, skipulega og viðeigandi stutta texta um kunnugleg efni

Talað mál

- geti tjáð sig um afmarkaða þætti í viðfangsefnum sem unnið er með, t.d. í endursögnum eða eigin frásögnum
- þjálfist í ferlisverkefnum á ensku
- geti haft eftir söngva, rím o.fl. sem unnið hefur verið með í náminu
- geti tekið þátt í samskiptum í kennslustofu, þ.e. kynnt sig, heilsað, kvatt, þakkað fyrir sig

Námsgögn

- The oxford picture dictionary for kids - vinnubók.
- Önnur fjölbreytt verkefni, bæði skriflega og munnleg.

Kennsluaðferðir

Bein kennsla

Innlögn þegar kynna þarf nýjar áherslur og við upprifjun.

Heildstæð verkefni

Verkefni í tengslum við viðfangsefni hverju sinni.

Hlustunarefni

Hlustunarverkefni fengin úr ýmsum áttum.

Hlutverkaleikir

Nemendur setja upp stutta leikþætti og tjá sig á ensku.

Hópverkefni

Nemendur vinna saman að lausnum og

Námsmat

Kannanir

Ýmis munnleg verkefni yfir önnina. Munnleg könnun við lok annar.

Verkmöppumat

Kennari metur frágang í vinnubókum og verkefnum.

Mat á frammistöðu í tímum

Kennari metur frammistöðu nemenda í kennslustundum.

Annað mat

Munnlegt próf í lok annar.

hugmyndum.

Leikræn tjáning

Hlutverkaleikir.

Pokahornið: Nemendur draga orð úr poka og bera fram heiti þeirra á ensku.

Samvinnunám

Nemendur rökræða og vinna saman.

Umræður

Umræður milli nemendana sjálfra og milli nemenda og kennara.

Vinnubókarkennsla

Nemendur vinna á sínum hraða í vinnubókum sínum.

Annað

Mat á frammistöðu í tímum 20%, Umræðuverkefni 20%, Verkmöppumat 30%, Munnlegt próf í lok annar 30%.

Heiti áætlunar: Grenndarkennsla

Hópur: 5. bekkur

Áfangamarkmið úr Aðalnámsskrá

Tímabil: 31.08.2015-30.05.2016

Nafn: Sara Diljá Hjálmarsdóttir

Landafræði

Svæði

- þekkja þróun búsetu í eigin heimabyggð og mismunandi notkun lands og bygginga og geta borið saman við það sem gerist annars staðar
- gera sér grein fyrir mismunandi einkennum svæða og samskiptum þeirra á milli eftir því sem við á
- þekkja örnefni stjórnsýslueininga í heimabyggðinni (s.s. borgar, sýslu, hrepps og bæjar)

Kennsluaðferðir

Bein kennsla

Efniskönnun

Fræðslumyndir

Fyrirlestrar

Heildstæð verkefni

Heimildarvinna

Viðfangsefni tengd daglegu lífi

Námsmat

Sjálfsmat

Mat á frammistöðu í tímum

Munnlegt próf

Verkmöppumat

Annað

Sjálfsmat 20%, mat á frammistöðu í tímum 20%, munnlegt próf 40% og verkmöppumat 20%.

Heiti áætlunar: Listir og tjáning

Tímabil: 31.08.2015-30.05.2016

Hópur: 5. bekkur

Nafn: Sara Diljá Hjálmarsdóttir

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

Dans

Skynjun/greining/mat

- öðlast innsýn í íslenska danshefð

Leikræn tjáning

Sköpun/túlkun/tjáning

- geta flutt stutta ræðu úr pontu á áheyrilegan hátt
- vera fær um að taka á skapandi hátt þátt í mótun á leikrænu ferli
- geta í hópi notað stutta leikspuna út frá námsefni
- geta á einfaldan hátt skapað persónur og túlkað viðhorf þeirra til einhvers málefnis
- þekkja og geta notað allar helstu aðferðir leikrænnar tjáningar
- geta tjáð skoðanir sínar á ákveðnu málefni
- geta túlkað athafnir með látbragði

Myndmennt

Lögmál og aðferðir - Sköpun/túlkun/tjáning

- geta nýtt sér í eigin sköpun grunnþætti myndlistar, s.s. grunnreglur formfræði, litafræði og myndbyggingar
- geta teiknað eða mótað raunsæismyndir eftir fyrirmyndum
- geta sýnt skipulögð vinnubrögð
- geta unnið einfaldar skissur og hugmyndavinnu fyrir tví- og þrívíð verk, m.a. með hjálp tölvu

Kennsluaðferðir

Bein kennsla

Dans

Efniskönnun

Fræðslumyndir

Heildstæð verkefni

Hlutverkaleikir

Hreyfing

Leikræn tjáning

Sköpun

Tónlist

Námsmat

Frammistöðumat

Sjálfsmat

Verkmöppumat

Annað

Sjálfsmat 20%, verkmöppumat 50 % og frammistöðumat 30%.

Heiti áætlunar: Samfélagsfræði

Tímabil: 27.08.2015-30.05.2016

Hópur: 5. bekkur

Nafn: Sara Diljá Hjálmarsdóttir

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

Saga

Róm og kristni

- geri sér grein fyrir útbreiðslu kristinnar trúar og þýðingu Rómar í því sambandi
- þekki til Ágústusar keisara og tengsla hans við jólaguðspjallið
- kynnist nokkrum kennileitum rómverska ríkisins, svo sem byggingum og borgum
- komist að því hvernig kristnin skaut rótum í Rómaveldi

Námsgögn

- Frá Róm til Þingvalla.
- Önnur verkefni, skrifleg, tölvutengt og munnleg.

Kennsluaðferðir

Bein kennsla

Lestur og innlögn á efni.

Fræðslumyndir

Nemendur sjá myndir sem tengjast efninu.

Heimildarvinna

Nemendur afla sér heimilida í verkefnavinnu.

Hópverkefni

Ýmis hópverkefni.

Vinnubókarkennsla

Unnið með vinnubókina frá Róm til Þingvalla

Námsmat

Kannanir

Gangapróf við miðja önn og aftur í lok annar.

Verkmöppumat

Mat á vinnubók og öðrum verkefnum.

Mat á frammistöðu í tímum

Kennari metur frammistöðu nemenda.

Sjálfsmat

Nemendur skila inn sjálfsmati á þar til gerðu blaði í lok annar.

Annað

Sjálfsmat 20%, Mat á frammistöðu í tímum 20%, Kannanir 40% (20% hvor könnun) og Verkmöppumat 20%.

Heiti áætlunar: Stærðfræði

Tímabil: 27.08.2015-30.05.2016

Hópur: 5. bekkur

Nafn: Sara Diljá Hjálmarsdóttir

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

Stærðfræði

Hlutföll og prósentur

- kynnist því að 50% er helmingur
- skipti áþreifanlegum hlutum í gefnu hlutfalli, t.d. 2:3
- finni 1%, 10% og 50% af heilum hundruðum

Lausnir verkefna og þrauta

- leita að mynstri eða reglu
- hvað segja forsendurnar?
- temji sér að spyrja spurninga um verkefnið í því skyni að öðlast betri skilning á því

Mynstur og algebra

- kynnist því að víxla má tölum í samlagningu og margföldun en ekki í frádrætti og deilingu, gjarnan með aðstoð reiknivélar
- nefni óþekktar stærðir með bókstaf, t.d. til að búa til jöfnur um einföld talnasambönd

Reikniáðferðir, reiknikunnátta og mat

- margfaldi og deili í huganum innan 10x10 margföldunartöflunnar
- skoði hvernig tiltekna tölur raðast upp í mynstur í margföldunartöflunni og ræði hvers vegna sumar tölur koma oft fyrir en aðrar sjaldan
- leggi tveggja stafa tölu við þriggja stafa tölu og dragi tveggja stafa tölu frá þriggja stafa tölu
- margfaldi tveggja stafa tölu með eins stafs tölu og deili í tveggja stafa tölu með eins stafs tölu
- leggi saman nokkrar þriggja stafa tölur á reiknivél og prófi svarið með námundun
- námundi allt að þriggja stafa tölur að næsta tug
- margfaldi og deili í tveggja og þriggja stafa tölur með 10
- notfæri sér að annars vegar samlagning og frádráttur og hins vegar margföldun og deiling eru andhverfar aðgerðir til að prófa svör í útreikningum

Rúmfræði

- spegli einfaldar flatarmyndir um ás
- noti hugtökin rétt horn, hvasst og gleitt horn, viti að rétt horn er 90° og að hringurinn er 360°
- noti hnit í fyrsta fjórðungi hnitakerfisins
- teikni þríhyrninga með réttu, hvössu og gleiðu horni
- búi til einfaldar flatarmyndir og þrívíða hluti út frá gefnum upplýsingum og noti rétt hugtök
- velji heppileg mælitæki og einingar til að mæla lengd og mæli lengdir upp á millimetra

Stærðfræði og tungumál

- skrái niðurstöður mælinga og geri grein fyrir þeim munnlega, skriflega og á myndrænu formi
- kynnist venjum um lestur af klukku

Tölfræði og líkindafræði

- noti hugtökin tíðni og meðaltal og reikni þessar stærðir í gefnu gagnasafni
- meti líkur út frá gefnum forsendum, t.d. þegar kúlur eru dregnar úr tilteknu safni
- safni gögnum, flokki þau eftir tíðni og velji myndræna framsetningu

Tölur

- finni einingarbrott ($1/3$, $1/5$, $1/10$) af stærðum með einum og tveimur tölustöfum og

tengi við raunveruleg viðfangsefni

- noti einföld brot í daglegu starfi

- kynnist hugtakinu að ganga upp í

- breyti einföldum almennum brotum í tugabrot, s.s. $1/2$, $1/5$ og $1/10$

Námsgögn

- Sproti 4B, Stika 1 og námsvefir ásamt fleiri aukaverkefnum.

Kennsluaðferðir

Bein kennsla

Heildstæð verkefni

Námsleikir

Samvinnunám

Spil

Utanbókarnám

Þjálfunarforrit

Þrautalausnir

Námsmat

Verkmöppumat

Stöðupróf

Sjálfsmat

Mat á frammistöðu í tímum

Annað

Mat á námsbókum 30%, Stöðupróf (2 yfir önnina) 20 % hvort, Sjálfsmat 15% og mat á frammistöðu í tímum 15%

Heiti áætlunar: Íslenska 5.bekkur Vorönn 2016

Hópur: 5. bekkur

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

Tímabil: 05.01.2016-01.07.2016

Nafn: Sigurður Heiðarr Björgvinsson

Íslenska

Bókmenntir

- þjálfist í að fá bækur að láni á skólasafni og sé hvattur til að nýta sér almenningsbókasöfn
- lesi fjölbreytt efni sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga
- lesi sögur, ævintýri, þjóðsögur, goðsögur, dæmisögur, skopsögur og lengri bækur
- læri þekktar vísur og ljóð utanbókar til söngs og annars munnlegs flutnings
- taki þátt í leikrænni tjáningu á bókmenntatexta

Hlustun og áhorf

- þjálfist í að hlusta á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og af bandi
- geti svarað spurningum varðandi efni sem hann hefur hlustað á
- geti farið eftir munnlegum fyrirmælum kennara
- þjálfist í að hlusta á umræður, taka þátt í þeim og halda athygli í töluverðan tíma

Lestur

- öðlist góðan lesskilning, orðaforða og málskilning
- þjálfist í að ná upp góðum lestrarhraða og lesi af öryggi

Málfræði

- þekki orðflokkanafnorð, sagnorð og lýsingarorð og helstu einkenni þeirra
- geti fundið fall nafnorða og lýsingarorða
- átti sig á muninum á nútíð og þátíð sagna
- læri að fallbeygja mannanöfn, t.d. allra nemenda í bekknum

Ritun

- þjálfist í að stafsetja rétt með margvíslegum verkefnum og ýmsum aðferðum
- þekki hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögnum og geti nýtt sér þau í eigin skrifum

Talað mál & framsögn

- taki þátt í leikrænni tjáningu og leikjum þar sem reynir á meðferð talaðs máls
- geti greint munnlega frá eigin reynslu, eftirminnilegum atburðum eða sérstakri lífsreynslu
- þjálfist í að lesa upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum

Námsgögn

- Orðspor 1. Íslenska fyrir miðstig grunnskóla
- Ljósritað efni frá kennara.

Kennsluaðferðir

Bein kennsla

Hópverkefni

Leikræn tjáning

Námsleikir

Aðrar kennsluaðferðir

Námsmat

Frammistöðumat

Þátttaka og virkni nemenda í tímum metin. Gildir 15% af lokaeinkunn.

Kannanir

Nemendur taka nokkrar stuttar kannanir þar sem prófaður verður lesskilningur og málfræði. Gildir 35% af lokaeinkunn.

Vinnubók

Nemendur safna þeim verkefnum, sem þeir vinna skriflega, í möppu og skila henni. Einnig safna þeir áhugverðum orðum í orðaskjóðu. Skil á þessu gilda

25% af lokaeinkunn.

Sýning

Nemendur vinna að leikgerð stuttrar sögu eða frásagnar. Efnistösk velja nemendur og kennari saman. Stuttir leikþættir verða settir á svið.

Gildir 15% af lokaeinkunn

Annað mat

Nemendur taka þátt í lestrarátaki Ævars vísindamanns. Gildir 10% af lokaeinkunn.

Heiti áætlunar: Íþróttir

Hópur: 5. bekkur

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

Tímabil: 25.08.2015-27.05.2016

Nafn: Finnbogi Guðmundsson

Skólaíþróttir

Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski

- læri að leysa úr ágreiningi sem upp getur komið í íþróttum
- læri að bera virðingu fyrir þörfum annarra
- læri að bera virðingu fyrir mismunandi getu félaga sinna
- fái jákvæða upplifun með þátttöku í leik að eigin vali eða vali hópsins
- taki þátt í æfingum, leikjum og íþróttum sem efla markvisst samvinnu innan minni eða stærri hópa

Líkamsþroski - fagurþroski

- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla hraða og viðbragð, s.s. eltingaleikjum, liðaleikjum eins og boðhlaupi af ýmsum toga og boltaleikjum eins og veiðimannaleikjum af ýmsum toga
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla líkamspól, s.s. eltingaleikjum, ratleikjum í nágreppi skóla, boltaleikjum
- þjálfist í æfingum sem efla líkamspól, s.s. stöðugu hlaupi á rólegum hraða í 10 mínútur
- þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s. armbeygjum og armréttum
- læri að nýta sér möguleika til íþróttar og útivistar í sveitarfélaginu
- taki þátt í æfingum og leikjum í formi stöðvaþjálfunar, hringþjálfunar, áfangþjálfunar
- þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s. stígandi hlaupi og 30 m spretthlaupi
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti, s.s. fjölþrepapróf, uppstökk án atrennu, 30 m spretthlaup

Skynþroski - hreyfiþroski

- þjálfist í grófhreyfingum eins og handstöðu með aðstoð félaga, handstöðu upp við vegg eða rimla, að ganga í takt við tónlist eða hljóðmerki
- þjálfist í samsettum hreyfingum eins og litlum kollhnís, löngum kollhnís, handstöðuveltu, kollhnís aftur á bak í réttstöðu, hliðarstökki yfir kubb eða kistu, klifri í köðlum þar sem áhersla er lögð á klifurgrip og örugga útfærslu, að sippa á einfaldan hátt og með ýmsum afbrigðum
- taki þátt í og læri nokkra nýja leiki sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunar, s.s. eltingaleiki, staðarleitarleiki, ratleiki utanhúss
- þjálfist í undirstöðuatriðum a.m.k. tveggja hóp- og einstaklingsíþróttar sem stundaðar eru hér á landi, s.s. körfuknattleiks og knattspyrnu, frjálsíþróttar og fimleika

Vitsmunþroski

- læri að hafa rétt við í leikjum og geti skorið úr ágreiningi ef upp kemur
- taki þátt í útivist og íþróttum þar sem m.a. þarf að taka tillit til veðurs, fatnaðar
- fái tækifæri til að þróa þekkta leiki eða gamla íslenska leiki
- öðlist þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og ástundun íþróttar
- taki þátt í umræðu um gildi íþróttar fyrir sál og líkama
- taki þátt í umræðu um svefn- og hvíldarþörf, mikilvægi hreyfingar, hollt mataræði

Námsgögn

- Ýmis íþróttaráhald

Kennsluáferðir

Bein kennsla
Hreyfing
Sköpun

Námsmat

Mat á frammistöðu í tímum
Frammistöðumat

Sýnikennsla
Verklegar æfingar

Heiti áætlunar: lífsleikni

Hópur: 5. bekkur

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

Tímabil: 20.11.2015-20.12.2015

Nafn: Guðrún Elsa Helgadóttir

Lífsleikni

Samfélag, umhverfi, náttúra og menning

- kunnir helstu umferðarreglur og þekki algengustu umferðarmerki
- geti bent á auglýsingar sem höfða til barna
- þekki vel starfshætti, reglur, skipulag og áherslur síns skóla
- geti lýst störfum sem hann hefur fengið tækifæri til að kynna, t.d. störfum foreldra sinna
- geri sér grein fyrir ýmsum kostnaði, t.d. við rekstur reiðhjóls, við íþróttaiðkun, við tónlistarnám og við að annast gæludýr
- geti nýtt sér upplýsingar úr fjölmiðlum og öðrum miðlum um daglegt líf og nauðsynjar

Sjálfsþekking, samskipti, sköpun og lífsstíll

- viti að hver og einn hefur persónuleg og tilfinningaleg mörk sem hægt er að ganga of nærri með neikvæðum áreitum
- geti í samvinnu við aðra komið sér saman um leikreglur þar sem jafnréttis er gætt
- átti sig á gildi hirðusemi um líkama sinn, umhverfi, eigin eigur og annarra
- þjálfist í að veða og meta ólíka kosti með gagnrýnu hugarfari
- vegi og meti þætti sem geta styrkt og stutt við samheldni fjölskyldu og treyst fjölskyldubönd

Kennsluaðferðir

Hlutverkaleikir

Nemendur rökræði saman um hvað einkenni góð samskipti, setji upp stutta leikþætti er snýr að vináttu og góðri samvinnu.

Hugmyndavinna

Áhersla á að nemendur þjálfist í því að hafa sjálfstæðar skoðningar og þori að tjá sig um þær og túlka þær á misjafnan hátt.

Samræðuaðferðir

Þjálfist í skoðunaskiptum og rökræðum.

Spil

Nemendur fá tækifæri til að vinna með fjölbreytt orðaspil og þrautir er snúa að tilfinningum, skoðunum og fl.

Umræður

Fjölbreyttar umræður er snúa að samskiptum innan bekkjar sem utan. Farið vel yfir Olweus hringinn og unnið ákveðið gegn einelti. Hugmyndir nemenda njóta sín.

Námsmat

Mat á frammistöðu í tímum

Kennari metur virkni og frammistöðu nemenda í kennslustundum.

tlunar: Smíðar

Hópur: 5. bekkur

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

Tímabil: 24.08.2015-24.05.2016

Nafn: Þorgerður Þóra Hlynsdóttir

Hönnun og smíði

Hönnun

- geti fundið einfaldar lausnir á hönnunarvanda
- hafi rætt um orkuhugtakið og viti hvað það merkir
- hafi leitað að hugmyndum í umhverfi sínu og notað í smíðaverkefni
- viti hvað rafrás er og geti sagt frá því hvernig hún virkar
- geti skreytt gripi sína á persónulegan hátt

Kennsluaðferðir

Bein kennsla

Heildstæð verkefni

Samræðuaðferðir

Sýningar

Aðrar kennsluaðferðir

Námsmat

Annað mat

Frammistöðumat

Sýning

Sjálfsmat

Heiti áætlunar: Sund

Hópur: 5. bekkur

Prepamarkmið úr Aðalnámskrá

Tímabil: 25.08.2015-27.05.2016

Nafn: Finnbogi Guðmundsson

Skólasund

Félagsþroski - tilfinningaþroski - siðgæðisþroski

- þjálfist í fjölbreyttum samvinnuverkefnum, s.s. hópleikjum, boltaleikjum, boðsundsleikjum
- taki þátt í leikjum og æfingum í vatni og læri að bera virðingu fyrir þörfum og getu annarra
- fái upplýsingar um möguleika til frekari sundiðkunar hjá íþróttafélögum

Líkamsþroski - fagurþroski

- taki þátt í ýmsum æfingum og leikjum sem efla líkamsþol, s.s. stöðugu en rólegu sundi í ákveðinn tíma, boðsundsleikjum, boltaleikjum, að synða a.m.k. 75 m bringusund án hvíldar
- taki þátt í umræðu um mikilvægi góðrar tækni við sundtök
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, hraða og viðbragð, s.s. kraftleikjum, boðsundsleikjum, boltaleikjum

Skynþroski - hreyfiþroski

- þjálfist í æfingum sem viðhalda og bæta samhæfingu hreyfinga
- þjálfist í fjölbreyttum æfingum sem leggja grunn að bættri færni í bringusundi, skólabaksundi, skriðsundi, baksundi
- nái tókum á eftirfarandi atriðum stungu af bakka, að sækja hlut á 1-2 m dýpi eftir 5 metra sund, að troða marvaða í 20-30 sek.
- þjálfist í undirbúningsæfingum fyrir flugsund, s.s. höfrungahoppi í gegnum gjarðir
- þjálfist í undirbúningsæfingum fyrir flugsund, s.s. 10 m flugsundsátökum, með eða án hjálparkækja
- nái tókum á eftirfarandi atriðum sem reyna á öndun og takt arma og fóta, s.s. 25 m skólabaksundi, 25 m skriðsundi með sundfitum, 12 m baksundi

Vitsmunaproski

- þekki helstu öryggisatriði sundstaðar og geti brugðist rétt við þegar slys ber að höndum
- þjálfist í að synda með bjarghring til félaga í grunnri laug og syndi síðan með hann um 5 m að bakka til baka
- læri að meta þær hættur sem geta fylgt leik í sundlaugum
- skilji helstu markmið æfinga og leikja í sundi

Kennsluaðferðir

Sýnikennsla

Kennari sýnir og nemendur gera eins og kennarinn.

Verklegar æfingar

Nemendur fá fyrirmæli um hvað á að gera og framkvæma síðan æfinguna.

Námsmat

Frammistöðumat

Nemendur fá fyrirmæli um hvað á að gera og framkvæma síðan æfinguna.

Heiti áætlunar: Textílmennt 5.bekkur

Tímabil: 24.08.2015-31.05.2016

Hópur: 5. bekkur

Nafn: Sonja Dröfn Helgadóttir

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

Textílmennt

Fagurfræði og rýni - Skynjun/greining/mat

- geta rökstutt fagurfræðileg sjónarmið í eigin verkum
- gera sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni

Fagurfræði og rýni - Sköpun/túlkun/tjáning

- nýta sér fagurfræði á meðvitaðan hátt við textílvinnu sína

Lögmál og aðferðir - Skynjun/greining/mat

- nota hugtök og heiti sem unnið hefur verið með

Lögmál og aðferðir - Sköpun/túlkun/tjáning

- þekkja og geta beitt helstu áhöldum og vélum greinarinnar

Sögulegt og félagslegt samhengi - Skynjun/greining/mat

- geta tengt valin textílverk því menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð í

Námsgögn

- Ýmis textílgögn

Kennsluáferðir

Bein kennsla

Kennari leiðbeinir nemendum, einum í einu við verkefnavinnuna.

Verklegar æfingar

Nemendur vinna að þeim verkefnum sem kennari leggur fyrir.

Námsmat

Mat á frammistöðu í tímum

Kennari metur vinnubrögð, áhuga, vinnusemi og frágang.

Annað

5. bekkur fá útsaumsverkefni þar sem þau læra mismunandi spor og einnig vélsaum. Aukaverkefni eru valverkefni sem þau velja sjálf.

Heiti áætlunar: Trúarbragðafræði

Hópur: 5. bekkur

Tímabil: 17.09.2015-17.10.2015

Nafn: Helga Gunnarsdóttir

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði

-
- hafa tamið sér virðingu fyrir ólíkum trúarbrögðum og lífsviðhorfum
- hafa fengið þjálfun í að nýta sér upplýsingatækni til að leita svara við spurningum um trúarleg og siðferðisleg efni
- hafa þekkingu á uppruna, sögu og útbreiðslu annarra helstu trúarbragða heims, svo sem gyðingdóms, íslams, hindúasiðar og búddadóms
- hafa fengist við siðræn viðfangsefni sem tengjast samskiptum, sáttfýsi og fyrirgefningu
- þekkja nokkur meginatriði kristni og helstu biblíutexta sem kristin trú og játning byggist á og geta dregið lærdóm af þeim
- hafa öðlast góða innsýn í kristilegt siðgæði og tileinkað sér samskiptareglur sem byggjast á kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum mönnum, öllu lífi og umhverfi
- þekkja algengustu tákni kristinnar og merkingu þeirra
- hafa þjálfast í að ræða siðferðileg gildi og álitamál sem lúta að réttlæti, mannréttindum og jafnrétti
- þekkja valda þætti nokkurra helstu trúarbragða heimsins, einkum guðshús, helgistaði, helgirit, tákni, hátíðir og siði

Námshöggn

- Gyðingdómur - Sáttmáli þjóðar og Ljós heimsins

Kennsluaðferðir

Bein kennsla

Bein kennsla er notuð í upphafi hvers kafla þegar verið er að fjalla um nýtt efni áður en umræður og verkefnavinna hefist. Það á að auðvelda nemendum að skilja efnið.

Umræður

Efnið er rætt samhliða lestri og vinnu til þess að auka skilning og þekkingu á efninu.

Aðrar kennsluaðferðir

K-V-L aðferðin í Orð af orði notuð.

Þar sem nemendur segja frá því sem þeir kunna um efnið, hvað þeir vilja læra eða vita um efnið og í endan segja þeir hvað þeir hafa lært um efnið.

Einnig eru notuð hugtakakort til að glósa það mikilvægasta úr efninu.

Heiti áætlunar: Upplýsingatækni5

Hópur: 5. bekkur

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

Upplýsingamennt

Meningarlæsi

Námsmat

Skriflegt próf

Í lok hvorrar annar fyrir sig er próf sem gildir 30% af lokaeinkunn.

Mat á frammistöðu í tímum

Virgni og þátttaka í tímum er metið til einkunnar og gildir 20 % hverja önn.

Kannanir

Á hvorri önn taka nemendur tvær kannanir sem gilda hver um sig 15% af lokaeinkunn.

Vinnubók

Verkefni sem unnin eru í tímum gilda alltaf 20 % af lokaeinkunn hvorrar annar.

Tímabil: 24.08.2015

20.10.2015

Nafn: Dagný Rósa

Úlfarsdótti

- sýna skilning á siðferðislegri ábyrgð sinni við framsetningu efnis á vef og sambærilegum miðlum svo sem tölvuráðstefnum og í tölvupósti
- vita að til eru lög um höfundarrétt og skilja þýðingu þeirra við vinnu með upplýsingar

Tæknilæsi

- geta notað ýmis kennsluforrit er hæfa aldri og getu
- geta nýtt sér glærugerðarforrit
- kunna skil á pósthforritum til að hafa samskipti við aðra nemendur innanlands og erlendis
- geta skeytt saman texta, mynd og hljóði á tölvutæku formi
- kunna að búa til möppur og nota möppur í tölvum

Upplýsingalæsi

- þekkja helstu leitarmöguleika á Netinu

Námsgögn

- Efni af nams.is - upplýsingatækni

Kennsluaðferðir

Bein kennsla
Upplýsingartækni
Þjálfunarforrit

Námsmat

Sjálfstæð verkefni
Mat á frammistöðu í tímum

Annað

Nemendur læra einfalda forritun á scratch.mit.edu.
 Nemendur læra að búa sér til netfang og senda tölvupóst
 Nemendur læra á spurningaforritið kahoot
 Einnig læra nemendur á grunnatriði í Word og Publisher.